

Menningarráð Norðurlands vestra

Mánudaginn 13. ágúst kl 16:00 að Gauksmýri í Húnaþingi vestra

Mætt voru Guðrún Helgadóttir, Pétur Jónsson, Adolf H. Berndsen, Björn Magnússon, Ingibergur Guðmundsson Menningarfulltrúi og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV sem ritaði fundargerð. Magnea Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Guðrún Helgadóttir formaður setti fund og stjórnaði.

- 1. Um aðalfund Menningarráðs.** Rætt um aðalfund Menningarráðs. Samþykkt að halda aðalfund Menningarráðs föstudaginn 24. ágúst kl. 16:30 á Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Formanni og framkvæmdastjóra SSNV falið að boða til fundarins.
- 2. Úthlutunarreglur.** Rætt um úthlutunarreglur menningarsjóðs og eftirfarandi reglur samþykktar.
 1. Tilgangur menningarstyrkja er, skv. samningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra annars vegar og menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hins vegar frá 1. maí 2007, að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Við úthlutun úr sjóðnum skal hafa til hliðsjónar stefnumótun sveitarfélaga í menningarmálum, gæði verkefna, jafnræði umsækjenda, frumkvæði og fjölbreytni menningarstarfs.
 2. Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Norðurlandi vestra.
 3. Menningarráð Norðurlands vestra skal árlega auglýsa eftir umsóknum í viðurkenndum auglýsingamiðlum á svæðinu eða á annan tryggilegan hátt og kynna úthlutunarreglur sjóðsins.
 4. Menningarráð getur innan ramma stefnumótunar í menningarmálum, haft breytilegar áherslur á milli ára, varðandi úthlutun úr sjóðnum. Áherslur skal ætíð kynna þegar auglýst er eftir umsóknum.
 5. Umsækjendur skulu sýna fram á mótframlag á móti styrkjum Menningarráðs. Styrkir ráðsins geta að jafnaði ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnis.
 6. Með umsókninni skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu með verk- og fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur og ábyrgðaraðila.
 7. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, og ber ábyrgð á þeim þáttum sem og öðrum þáttum verkefnisins.
 8. Menningarráð Norðurlands vestra og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu, lokaskýrslu og eftirfylgni. Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) um framkvæmd og árangur verkefnisins fyrir 1. febrúar

2008. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Menningarráði Norðurlands vestra upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11:30

Jón Óskar Pétursson fundarritari.